

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 18. júlí 2012

Varðar: Staðarval fyrir nýjan urðunarstað

Á vegum SORPU, Sorpurðunar Vesturlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Sorpstöðvar Suðurlands er hafinn undirbúningur að staðarvali fyrir nýjan urðunarstað, hugsanlega fleiri en einn, fyrir úrgang sem urða þarf á starfssvæðum þessara fyrirtækja. Verkefnið er í raun framhald af fyrri vinnu sem hófst með sameiginlegri svæðisáætlun árið 2004 og sérstakri skýrslu ráðgjafa um urðunarstaði árið 2007 (sjá www.samlausn.is). Sorpsamlögin hafa ákveðið að fá öll sveitarfélögin á starfssvæðinu til liðs við sig til að finna heppilegan urðunarstað til framtíðar. Tilgangur þessa bréfs er að kynna stuttlega það ferli sem fyrirhugað er vegna staðarvalsins. Ekki er búist við svörum eða viðbrögðum á þessu stigi þótt ábendingar séu ávallt vel þegnar.

Á komandi hausti verður send fyrirspurn til allra sveitarfélaganna á starfssvæði ofangreindra fyrirtækja með óskum um að tilnefna staði sem sveitarfélögin telja að komi til greina. Með fyrirspurninni munu fylgja ítarlegar upplýsingar um það hvaða kröfur urðunarstaður þarf að uppfylla og nánari lýsing á þeirri starfsemi sem þar mun fara fram.

Staðarval og rekstur urðunarstaðar er langtímaverkefni. Það tekur sinn tíma að finna heppilegasta staðinn, hanna allt fyrirkomulag og undirbúa. Heppilegast er að nota megi sama staðinn lengi enda er kostnaður við allan undirbúning töluverður og kvaðir um langtíma eftirlit með staðnum eftir að honum hefur verið lokað.

Urðunarstaður fyrir úrgang þarf að uppfylla margvíslegar kröfur. Að hluta eru þær tæknilegs eðlis og snúa að jarðvegi og tiltækum jarðefnum, aðgengi, grunnvatnsaðstæðum og þess háttar. Aðrar kröfur varða einkum það sem staðurinn hefur áhrif á, svo sem byggð, náttúru og menningarminjar.

Til undirbúnings er hér fyrir neðan dregin upp gróf mynd af viðfangsefninu og ferlinu sem hefjast mun í haust. Fyrirtækin leggja áherslu á að gott samstarf verði um farsæla úrlausn.

Viðfangsefnið

Magn og samsetning úrgangansins

Um er að ræða úrgang af starfssvæðum fyrirtækjanna fjögurra, sem nær frá Gilsfirði að Fúlalæk. Til lengri tíma litið verður aðeins um óvirkan úrgang að ræða, þ.e. úrgang sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega svo sem múrbrot, gler, uppmokstur og annað efni sem hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið. Framan af starfstíma urðunarstaðarins má þó gera ráð fyrir urðun almenns úrgangs en aukinn og markviss endurvinnsla mun draga úr þörf fyrir urðun úrgangs. Að öðru leyti verður lífrænn úrgangur meðhöndlaður í væntanlegri gasgerðarstöð í Álfsnesi.

Rýmisþörf

Mikil áhersla er á að draga úr úrgangi til urðunar en nokkurri óvissu undirþið hve vel það mun ganga. Með hliðsjón af því og þörf fyrir not af urðunarstaðnum til mjög langs tíma er rýmisþörfin skilgreind nokkur rúmt og gert ráð fyrir allt að 100 ha svæði, þ.e. svæði sem er 1000x1000 metrar á kant ef það væri ferningur. Á svæðinu verða urðunarreinar, þar sem efninu er stafað kerfisbundið og síðan sett þekju efni yfir. Þar þarf einnig að geyma þekju efni, hafa starfsmannaaðstöðu, vog, vélageymslu o.þ.h.

Hafnarfjarðarbær	
Innk:	23.7.2012
Málsnr:	1207247
Bréfal:	580.2

Hætta eða óþægindi

Ekki þarf að hafa áhyggjur af lykt frá staðnum þar sem mjög takmarkaður lífrænn úrgangur verður urðaður þar og þá helst í byrjun. Það sem helst kann að valda óþægindum eða hættu er annars vegar fok úrgangs út af svæðinu og að eldur komi upp í urðunarreinum. Þetta á þó aðeins við um lífrænan úrgang. Hvorugt er hægt að útiloka en áhrifaríkar leiðir eru fyrir hendi til að takast á við þessa þætti.

Starfsemi

Búast má við að á svæðinu starfi 2-4 starfsmenn við umsjón og eftirlit á vegum urðunarstaðarins sjálfs. Mestöll vélavinna er boðin út og má þá búast við að um 5-10 starfsmenn verði alls á svæðinu. Flutningabílar flytja úrganginn á urðunarstaðinn og ferðatíðni ræðst af magni úrgangs og því hvort hann er baggaður. Núverandi starfsemi í Álfsnesi kallar á um 10 ferðir á dag til að anna 120 þús. tonnum á ári.

Staðarvalskröfur

Með fyrirspurninni sem send verður sveitarfélögum í haust mun fylgja ítarleg lýsing á þeim kröfum sem urðunarstaðir þurfa að uppfylla. Í megindráttum snúast þessar kröfur um þéttleika botnlags til að fanga sigvatn, ásættanlegan viðtaka fyrir sigvatn, nálægð við aðra starfsemi og dvalarstaði fólks s.s. íbúðir, skóla o.þ.h., aðgengi að þekjuefni og fleira.

Fyrsti áfangi staðarvalsferlis

Markmið fyrsta áfanga staðarvalsferlisins, sem lýst er hér fyrir neðan, er að fram komi tilnefningar frá sveitarfélögum um staði sem líklegir eru til að henta sem urðunarstaðir. Ekki er við því að búast að hægt sé að ganga úr skugga um það hvort allar kröfur séu uppfylltar á þessu stigi en það verður athugað nánar í öðrum áfanga.

September 2012:

Sveitarstjórnir á starfssvæði fyrirtækjanna fjögurra fá send gögn um staðarvalskröfur ásamt formlegri fyrirspurn.

Október 2012:

Haldnir 4 - 5 kynningarfundir á mismunandi stöðum innan svæðisins. Þar gefist skipulagsnefndum, landeigendum og almenningi kostur á að fá nánari upplýsingar og ræða við forsvarsmenn fyrirtækjanna.

Nóvember 2012:

Tilnefningum skilað inn til frekari skoðunar og mats.

Með góðum kveðjum



F.h. SORPU, Sorpurðunar Vesturlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Sorpstöðvar Suðurlands
Björn Hafsteinn Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs.